

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda og Háholt í Skagafirði.

Frá Jóni Gnarr.

- Hefur ráðherra skoðað möguleika á því að hefja rekstur á meðferðarheimili fyrir börn í Háholti í Skagafirði og endurvekja starfsemi þar sem hægt væri að vista allt að fimm einstaklinga?
- Hefur farið fram mat á kostum og göllum þeirrar aðstöðu sem er í Háholti, m.a. með hliðsjón af niðurstöðum sem birtar voru í skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda frá árinu 2023?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Í nokkurn tíma hefur verið stefnt að uppbyggingu meðferðarkjarna þar sem ætlunin er að hýsa alla þjónustu við börn með fjölþættan vanda á einum stað. Meðferðarkjarninn hefur ekki risið og gríðarleg óvissa er í málaflokknum. Þessu tengt hefur öðrum meðferðarúrræðum, svo sem meðferðarheimilinu að Háholti í Skagafirði, verið lokað. Miklar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu í Háholti árið 2014 og uppfyllir það allar kröfur um aðbúnað við vistun barna. Húsnæðið er í eigu sveitarfélagsins Skagafjarðar og er nú í sölufarli.